

Vinahópar

Markmið

Markmið með vinahópum er m.a.:

- stuðla að auknum og betri samskiptum barnanna
- að börnin kynnist við aðrar aðstæður en eru í skólanum
- að foreldrar kynnist bekkjarfélögum barnanna sinna
- að börnin kynnist foreldrum bekkjarfélaga sinna

Við þetta eru líkur til að:

- hægt sé að minnka líkur á stríðni og einelti
- líðan nemandans í bekknum verði betri
- samskipti nemandans verði jákvæðari
- bætt líðan bætir námsárangur

Leiðir

- 3-4 nemendur saman í hóp
- foreldrar skiptast á að taka hópinn heim
- foreldrar gera eitthvað með sínum hóp
- getur verið eftir skóla síðdegis eða um helgi en ekki eftir kvöldmat
- mikilvægt að nemendur sér að gera eitthvað saman, ekki óvirk
- foreldrar komi sér saman um hvað gera skuli
- athugið að gera eitthvað sem ekki kostar mikinn pening-slíkt kallar á meting

Hugmyndir að viðfangsefnum

- föndra,spila, bjóða í mat(láta börnin elda sjálf), fara saman á bókasafnið, lesa saman, fara í leiki, heimsækja vinnustað foreldra/afa og ömmu, fara í gönguferð, fara í hjólreiðatúr, fara í fjöruferð, fara á safn, búa til leikrit, baka, taka myndir á myndbandsupptökuvél

Til foreldra:

Eins og fram kom á haustkynningarfundum með foreldrum var vilji fyrir starfi með **vinahópa** innan bekkjarins. Afrakstur slíkra heimsókna getur skilað sér inn í skólafundi með skemmtilegum sögum og aukinni vináttu.

Við viljum minna á að markmið með vinahópum innan bekkjarins er:

- að efla samstöðu og góðan bekkjaranda frá upphafi
- að foreldrar kynnist innbyrðis og kynnist félögum barna sinna
- að vinna gegn einelti
- að stuðla að nýjum félagstengslum
- að hóparnir séu það fámennir að auðvelt sé að kalla þá saman án mikillar fyrirhafnar og gera eitthvað skemmtilegt á heimasvæði hvers nemanda

Stefnt er að því að hittast einu sinni í mánuði og reglan er sú að það barn sem er fyrst í röðinni í sínum hóp byrjar á að bjóða heim til sín og síðan koll af kalli. Við fengum góða aðstoð bekkjarkennara við að búa til hópana sem eru eftirfarandi:

Hópur 1.	Hópur 2.	Hópur 3
Oddný Helga	Ásdís Rún	Íris
Árný	Guðlaug Dóra	Katrín
Brynjar Már	Þorri Geir	Vilborg María
Rúnar	Guðmundur Trausti	

Hópur 4.	Hópur 5.
Kristrún	Örn Gauti
Lilja Líf	Guðjón
Sveinn Sigurður	Haukur
Guðmundur Tómas	

Við hvetjum foreldra til að byrja sem fyrst á þessu skemmtilega vinastarfi. Stefnt er að því að fyrsti fundur hvers vinahóps verði nú í október og síðan verði einn í nóvember, annar í desember og svo framvegis. Hópunum verður svo skipt upp aftur eftir einn hring.

Ef einhverjar spurningar vakna er velkomið að hafa samband við okkur bekkjarfulltrúa.